



Ákvörðun nr. 12/2024

Lagning ljósleiðara yfir einkalóð án leyfis eiganda

(mál nr. 2024050004)

I.

Erindið

(1) Fjaraskiptastofu barst kvörtun, ásamt fylgigögnum, frá [...]¹ (hér eftir kvartandi) þann 3. maí 2024 á hendur Ljósleiðarans ehf. (hér eftir Ljósleiðarinn), vegna lagningu ljósleiðara á lóð kvartanda og skorts á samráði um val á lagnaleið.

(2) Í kvörtun kom eftirfarandi m.a. fram:

„Ljósleiðarinn lagði ljósleiðara frá [...] niður að [...] þann 19. febrúar 2024. Þessi ljósleiðari var lagður í gegnum garð [...] án leyfis eigenda. Ekki var haft samband við eigendur áður en ljósleiðarinn var lagður né bárust gögn um að ljósleiðari yrði lagður á lóð [...] Samkvæmt upplýsingum frá [...], starfsmanni Ljósleiðarans og sá sem lagði fjaraskiptavirki í gegnum lóð [...], er honum óheimilt að aftengja ljósleiðarann. Samkvæmt upplýsingum frá [...], lögfræðingi Orkuveitunnar sem er eitt af eigendum Ljósleiðarans, þá gerði Ljósleiðarinn samning við [...] og getur ekki rift honum, né tekið ljósleiðarann sem tengist [...] af lóð [...]. Samkvæmt 1. mgr. 34. gr. fjaraskiptalaga nr. 70/2022 þarf að kynna eigendum hvar skal leggja fjaraskiptavirki. Engin slík kynning var gerð. Samkvæmt 2. mgr. 34. gr. fjaraskiptalaga nr. 70/2022 skal framkvæmdaraðili vinna teikningu að fyrirhugaðri framkvæmd. Engin slík teikning barst og þrátt fyrir að hafa samband við Ljósleiðarann og Orkuveituna, þá virðist engin svona teikning vera til. Samkvæmt 3. mgr. 34. gr. fjaraskiptalaga nr. 70/2022 hefur lagning fjaraskiptavirkja leitt til takmörkunar á afnotamöguleikum viðkomandi eignar, þar sem fjaraskiptavirki liggur á miðri lóð, óniðurgrafin og án teikninga sem myndu gefa til kynna í framtíðinni að fjaraskiptavirki liggur þarna niðurgrafið.“

(3) Kvartandi krafðist þess að Ljósleiðarinn myndi fjarlægja tafarlaust allar eignir sínar sem tengjast [...] af landareign sinni og að Ljósleiðarinn myndi greiða fyrir rask á lóð. Auk þess krafðist kvartandi að afnotagjöld af lóð myndu vera greidd fyrir þann tíma sem Ljósleiðarinn nýtti sér land kvartanda í atvinnuskyni án leyfis lóðarhafa.

¹ Upplýsingar felldar á brott vegna trúnaðar. Hið sama gildir um eftirfarandi hornklofa.

II.

Málavextir og bréfaskipti

2.1. Bréf Fjarskiptastofu til Ljósleiðarans, dags. 15. maí 2024

(4) Fjarskiptastofa sendi Ljósleiðaranum bréf, dags. 15. maí 2024, þar sem að kvörtun kvartanda var komið á framfæri, ásamt fylgigögnum, og Ljósleiðaranum var gefinn kostur á að tjá sig um umrædda kvörtun og koma skýringum sínum á framfæri. Frestur til þess var veittur til 29. maí 2024.

2.2. Athugasemdir Ljósleiðarans, dags. 29. maí 2024

(5) Þann 29. maí 2024 barst Fjarskiptastofu athugasemdir frá Ljósleiðaranum, ásamt fylgigögnum.

(6) Ljósleiðarinn kom inn á í athugasemdum sínum hver aðdragandi málsins hafi verið og voru athugasemdir eftirfarandi:

„Ljósleiðaranum barst erindi snemma árs 2024 frá fasteignareiganda [...] með ósk um lögn ljósleiðara, en fyrri eigandi hafði afpakað ljósleiðaravæðingu fasteignarinnar á sínum tíma. Ljósleiðarinn sendi honum tilboð í verkið sem gerði ráð fyrir lagnalegu utan við einkalóðir, en upplýsti jafnframt um að ekki yrði unnt að ganga til framkvæmda fyrr en nú í sumar vegna verktakastöðu og frosts í jörðu. Fasteignareigandi spurðist þá fyrir um hvort Ljósleiðaranum yrði unnt að tengja fasteignina ef hann annaðist lagningu ídráttarrörs, jarðvinnu við að nálgast tengianda og annað umstang til þess að spara honum hvoru tveggja tíma og fjármuni sem Ljósleiðarinn féllst á. Fasteignareigandi var á þeim tímapunkti annað hvort í framkvæmdum eða við það að hefja framkvæmdir við að reisa nýjan útvegg meðfram syðri enda hússins á [...] sem liggur að þremur lóðum á [...], að hans sögn var það í þeim tilgangi að lagfæra rakavandamál sem hafa verið viðvarandi í fasteigninni.

Er ídráttarrörið var tilbúið hafði fasteignareigandi samband við Ljósleiðarann, sem sendi þá starfsmenn til blásturs og tengingar þann 21. febrúar 2024 og staðfesti Ljósleiðarinn munnlega við fasteignareiganda [...] áður en blásið var, en ídráttarrörið var þá ofanjarðar þar sem fyrirætlan fasteignareiganda [...] er að fella ídráttarrörið inn í nýja útvegginn og grafa það í jörðu þegar framkvæmdum lyki. Þá kveðst fasteignareigandi [...] vera með allar staðfestingar sem þyrfti fyrir legu ídráttarrörs síns. Lega ljósleiðarans var því teiknuð inn í gegnum [...] í teikningum Ljósleiðarans eins og fylgiskjal 1 sýnir.

(7) Ljósleiðarinn taldi að fyrstu fréttir af ósætti við lögnina hafa borist til sín 24. apríl sl. en fasteignareigandi [...] hafði þá samband við Ljósleiðarann. Þá var Ljósleiðaranum ljóst að ekki var búið að fella ídráttarrörið inn í vegginn, eins og stóð til. Athugasemdir Ljósleiðarans voru eftirfarandi:

„Fyrstu fregnir Ljósleiðarans af ósætti fasteignareiganda [...] var þann 24. apríl 2024 en þá hafði fasteignareigandi samband og tilkynnti að ljósleiðari lægi ógrafinn inn á lóð sinni. Starfsmaður gæðaeftirlits Ljósleiðarans fór á staðinn og varð þá kunnugt um að framkvæmdir við útvegg á [...] væru enn í gangi og ídráttarrörið því jafnframt enn ofanjarðar og lega þess að meginstefnu til inni á fasteign [...] og að litlum hluta

inni á svæði sem fasteignareigendur beggja fasteigna [...] telja sig eiga réttindi til. Þ.e. fasteignareigandi [...] upplýsti Ljósleiðarann um að hann ætti réttindi meðfram syðri húsvegg einhverja metra inn á lóð [...] og að hann væri í fullum rétti og fullri heimild til þess að hluti lagnarinnar lægi á því svæði sem fasteignareigandi [...] kvartaði yfir. Þá upplýsti hann jafnframt um að framkvæmdum við nýjan útvegg og innfellingu ídráttarrörsins yrði lokið á u.þ.b. þremur vikum.“

(8) Kvartandi óskaði þá eftir að Ljósleiðarinn myndi fjarlægja ídráttarrörið og auk þess að Ljósleiðarinn myndi rifta viðskiptasambandi á milli þeirra og eiganda [...]. Ljósleiðarinn vék að eftirfarandi:

„Í framhaldi af því krafðist fasteignareigandi [...] þess að Ljósleiðarinn myndi fjarlægja ídráttarrörið af lóð þeirra. Ljósleiðarinn upplýsti fasteignareigendur [...] um að Ljósleiðarinn hefði ekki lagt viðkomandi ídráttarrör og væri ekki eigandi þess og því ófært að fjarlægja ídráttarrörið eins og krafist var, enda ídráttarrörið lagt af, í eigu og á ábyrgð eiganda [...]. Þá krafðist fasteignareigandi [...] þess að Ljósleiðarinn myndi rifta samningi sínum við fasteignareigenda [...] og fjarlægja lögnina þar með. Ljósleiðarinn tjáði kvartanda að það væru ekki forsendur til þess þá þegar, enda óljós réttarstaða fyrir hendi vegna lóðarinnar og að riftun á viðskiptasambandi kræfist aðkomu fjarskiptafyrirtækis sem milliliður og því ekki fyrir að fara möguleika á fyrirvaralausri riftun. Fasteignareigandi [...] bar þá upp þá hugmynd að skera á lögnina og þar með Ljósleiðarann. Ljósleiðarinn benti fasteignareiganda [...] ítrekað á að hafa samband við lögmann til þess að fá leiðbeiningar um réttindi sín í þessu samhengi, enda um að ræða málefni á sviði eignar- og nábýlisréttar.“

(9) Ljósleiðarinn telur að samkvæmt lóðarleigusamningi [...] við Kópavogsbæ hafi [...] graftar- og umferðarrétt fjóra metra inn á lóð [...]. Auk þess upplýstu báðir eigendur Ljósleiðarans að ófært hafi verið að ljúka við framkvæmdir vegna þess að fasteignareigandi [...] hafi bannað fasteignareiganda [...] alla umferð um eign sína. Eftirfarandi kom fram í athugasemdum Ljósleiðarans:

„Ljósleiðarinn hélt áfram rannsókn málsins og kom þá í ljós lóðarleigusamningur [...] við Kópavogsbæ (fylgiskjal 2), en í honum má finna kvöð vegna lagnalegu, graftar- og umferðarrétt fyrir [...] sem nær fjóra metra inn á lóð [...]. Báðir málsaðilar hafa jafnframt upplýst Ljósleiðarann um að fasteignareigendur [...] hafi bannað fasteignareiganda [...] alla umferð um lóð sína og því reynst ófært að ljúka við framkvæmdir við nýjan útvegg og er ídráttarrörið því enn ofanjarðar, en endanleg lega þess er ætluð innan veggisins samkvæmt fyrirætlunum fasteignareiganda [...] eins og áður var rakið. Þá komu nýlega fram upplýsingar frá fasteignareiganda [...] um að hann hefði lyft ídráttarrörinu upp á þakið á fasteign sinni og fest það þannig að lega ídráttarrörsins sé nú ekki lengur inn á lóð [...], heldur uppi á þaki [...] og því inni á lóð [...] og í framhaldi af því þvert yfir [...] á norður eins og fyrirætluð endanleg lega í jörðu, og var fært inn á teikningar um Ljósleiðaralegu Ljósleiðarans.“

(10) Ljósleiðarinn taldi sig ekki hafa valdheimildir eða forsendur til þess að skera úr um deilu sem virðist vera einkaréttarleg milli nágretta en eftirfarandi kom fram í athugasemdum Ljósleiðarans:

„Ljósleiðarinn varð þess áskynja í samskiptum starfsmanna við báða aðila deilumálsins að það væri töluverð saga að baki deilna þeirra sem er Ljósleiðaranum hvoru tveggja ókunnugt um og óviðkomandi. Um er að ræða einkaréttarlega deilu þessa tveggja aðila af meiði náðýlis- og eignarréttar sem Ljósleiðarinn hefur hvorki valdheimildir né forsendur til þess að taka afstöðu til og hefur bent báðum aðilum á að vísa til lögmanna og dómstóla og eftir atvikum Kópavogsbæjar til úrlausnar á. Ljósleiðarinn tekur ekki efnislega afstöðu til málsins og mun hlíta hverri þeirri málsniðurstöðu sem verður um leið og hún liggur fyrir og Ljósleiðarinn upplýstur þar um.“

(11) Varðandi teikningu um endanlega legu Ljósleiðarans þá sagði Ljósleiðarinn eftirfarandi:

Hvað 34. gr. laga um fjarskipti nr. 70/2022 (hér eftir fjarskiptalög) varðar þá liggur fyrir teikning um fyrirætlaða endanlega legu Ljósleiðarans, sbr. fylgiskjal 1 í gegnum fasteign [...] sem staðfest heimild er fyrir.

(12) Með tilliti til 34. gr. fjarskiptalaga þá vék Ljósleiðarinn að eftirfarandi:

„M.t.t. alls framangreinds kom 34. gr. fjarskiptalaga ekki til skoðunar í máli þessu fyrr en kvörtun sú sem hér er til umfjöllunar barst Ljósleiðaranum þann 15. maí síðastliðinn. Vert er að hafa hugfast að ídráttarrörið hefur skv. nýjustu upplýsingum Ljósleiðarans verið fjarlægt af lóð [...], burtséð frá kvaðarréttindum þeim sem fasteignareigandi [...] beitir fyrir sig og því hefur hinu umdeilda og meinta ólögsmæta ástandi verið aflétt frá og með þeirri aðgerð. Telur Ljósleiðarinn því engar forsendur fyrir því að 34. gr. né fjarskiptalög ættu að koma til kasta í máli þessu, a.m.k. ekki fyrr en að leyst hefur verið úr fyrirliggjandi eignar- og náðýlirréttardeilum fasteignareigendanna tveggja.“

(13) Ljósleiðarinn benti einnig á að 34. gr. fjarskiptalaga er bundin við sannanlegt tjón og vísaði í frumvarp fjarskiptalaga. Þá vísaði Ljósleiðarinn einnig í að ekki sé um að ræða endanlega legu Ljósleiðarans. Athugasemdir Ljósleiðarans voru eftirfarandi:

„Fallist Fjarskiptastofa ekki á sjónarmið það bendir Ljósleiðarinn á að 34. gr. fjarskiptalaga er bundin við sannanlegt tjón og að í athugasemdum við frumvarp til laganna er sérstaklega tekið fram að tjónshugtak laganna feli ekki í sér „...viðvarandi leigu- og/eða aðstöðugjald fyrir aðgang og afnot af umræddu landi“, heldur einungis sannanlegt tjón sem framkvæmd hefur í för með sér. Þá vill Ljósleiðarinn benda á að ekkert eiginlegt rask hefur orðið á fasteigninni vegna ástand þess sem er hér til umfjöllunar og að endanlegri legu í dráttarrörsins sé samkvæmt upplýsingum Ljósleiðarans ætlað að vera inn í vegg, og því inni á lóð, [...] sem og á fasteign [...]. Þar með ætti lega ídráttarrörsins að vera [...] óviðkomandi utan við framkvæmd við reisn nýja útveggisins sem snýr að lóð [...], sem er eins og áður var rakið í stöðvun og enn óleyst bitbein aðila án allrar aðkomu Ljósleiðarans.“

2.3. Bréf Fjarskiptastofu til kvartanda, dags. 30. maí 2024

(14) Þann 30. maí 2024 sendi Fjarskiptastofa bréf til kvartanda þar sem honum var boðið að gera athugasemdir við skýringar Ljósleiðarans auk þess sem óskað var eftir að kvartandi myndi tiltaka til hvaða aðgerða hann myndi vilja að stofnunin grípi til ef hann óskaði eftir frekari afskiptum stofnunarinnar. Var svarfrestur til þess veittur til 13. júní 2024.

2.4. Bréf kvartanda til Fjarskiptastofu, dags. 31. maí 2024

(15) Þann 31. maí 2024 barst Fjarskiptastofu athugasemdir kvartanda við svari Ljósleiðarans. Eftirfarandi athugasemdir komu m.a. fram:

„Samkvæmt [...], verkefnastjóra Umhverfissviðs Kópavogs, kemur fram að allar framkvæmdir innan lóðarmarka [...] þurfa samþykki eigenda [...] ef framkvæmdir eru ekki á vegum Kópavogs. Samkvæmt lóðarblaði sem fylgir bréfi Ljósleiðarans kemur skýrt fram að lóðarmörk [...] enda þar sem suðurveggur [...] byrjar. Umrædd kvöð er á milli [...] og Kópavogsbæjar. Staðfesting frá Umhverfissviði Kópavogs dagsett þann 06.11.2023 fylgir í viðhengi sem fylgiskjal 1.

(16) Kvartandi vék að því að rörið hafi verið lagt án samþykkis og án vitneskju fasteignareiganda. Auk þess kom kvartandi inn á að byggingarfulltrúi Kópavogsbæjar hafi staðfest við kvartanda að hvorki hafi verið leyfi frá fasteignareiganda né Kópavogsbæ fyrir framkvæmdum af hálfu [...]. Athugasemdin var eftirfarandi:

„Rör var lagt í gegnum lóð [...] án samþykkis og án vitneskju eigenda. Byggingarfulltrúi Kópavogsbæjar staðfesti í fylgiskjali 2 að Kópavogur veitti ekki eigendum [...] leyfi fyrir framkvæmdum, né gáfu fasteignareigendur [...] leyfi fyrir framkvæmdum. Það er því ljóst að allar framkvæmdir sem hafa farið fram á lóð [...] hafa verið gerðar í óleyfi, þar með talið lögn ljósleiðara.“

(17) Þá sagði kvartandi enn fremur:

„Samkvæmt lóðarleigusamningi á milli Kópavogsbæjar og [...] er ekki minnst á að [...] hafi kvöð, né graftarétt á lóð [...] og gildir kvöðin á lóðarleigusamningi einungis á milli [...] og Kópavogsbæjar. [...] hefur eigin lóðarleigusamning við Kópavogsbæ en þar kemur ekkert fram um kvaðir á lóð [...]. Þessu til stuðnings er minnst á að [...] fylgi kvöð um alla umferð að lóð [...] á lóðarblaði. Ekkert er minnst á [...] varðandi kvöð né aðgang að lóð [...].

Miðað við inntak ljósleiðarastengs í [...] á myndum 6 og 8 er engin leið til að koma ljósleiðarastreng fyrir samkvæmt fylgiskjali 1 Ljósleiðarans, en á því er ekki gert ráð fyrir inntaki á lóð [...]. Samkvæmt fylgiskjali 1 Ljósleiðarans er ekki gert ráð fyrir inntaki í gegnum lóð [...]. Á myndum 6 og 8 sést greinilega að inntak ljósleiðarastengs í [...] liggur á lóð [...]. Miðað við stöðu inntaks er ljóst að ómögulegt er fyrir ljósleiðarastreng að fara í [...] frá [...] samkvæmt teikningum.“

(18) Kvartandi hafði samband við umhverfissvið og byggingarfulltrúa Kópavogsbæjar. Í tengslum við lóðarleigusamning og umferðarrétt [...] við Kópavogsbæ þá vék kvartandi að eftirfarandi:

„Samkvæmt lóðarleigusamningi [...] er þessi samningur einungis á milli Kópavogsbæjar og [...]. Kvöð um umferðarrétt er á milli [...] og [...] eins og kemur fram á lóðarblaði. Frekari staðfestingar fást hjá Umhverfissviði Kópavogs og Byggingafulltrúa Kópavogsbæjar.

Ljósleiðarinn hefur ekki heimild til að leggja ljósleiðara í gegnum lóð lóðarhafa án þess að gefa þeim það til kynna. Ljóst er að lóðarhafa hefur ekki verið tilkynnt um framkvæmdir. Ljósleiðarinn ætti að fjarlægja eign sína þar sem Ljósleiðarinn hefur ekki heimild til að leggja streng án samtals og hefur Ljósleiðarinn nú notað lóð [...] til að selja þjónustu sína til [...] síðan 21.02.2024 og var eigendum [...] aldrei tilkynnt um framkvæmdina. Við ítrekum að rör og strengur hafi verið lagt í gegnum lóð án leyfis og án vitneskju lóðarhafa. Myndir 5-7 sýna legu kapals eins og hann liggur þann 30.05. Vert er að benda á að rör liggur inn á lóð [...] þar sem framkvæmdir [...] fóru fram, framkvæmdir sem Kópavogsbær gaf ekki leyfi fyrir, né eigendur [...]. Eins og fram kemur í fylgiskjali 1, þá er kvöð um graftedrétt innan lóðarmarka [...] á milli [...] og Kópavogsbæjar.“

(19) Þá sagði kvartandi enn fremur:

„[...] hefur engan rétt til framkvæma innan lóðar [...] án leyfis Kópavogsbæjar og [...] eins og kemur skýrt fram í fylgiskjöllum 1 og 2. Þar sem Ljósleiðarinn ber fyrir sig að [...] sé bönnuð öll umferð um [...], og Kópavogsbær hefur ekki gefið [...] leyfi til framkvæmda, þá hefur Ljósleiðarinn lagt ljósleiðarastreng sinn á lóð [...], og án þess að hafa samband við lóðarhafa. Á mynd 2 og 3 sést starfsmaður [...] á lóð [...] í leyfisleysi, að færa til rör með ljósleiðara af lóð.“

(20) Kvartandi vék að því að ídráttarrörið hafi staðið ofanjarðar í leyfisleysi frá 19. febrúar sl. Varðandi staðsetningu og legu ídráttarrörsins þá hafði kvartandi eftirfarandi athugasemdir:

„Rör þetta hefur staðið ofanjarðar, á lóð [...] án leyfis síðan 19.02.2024. Augljóst er að rör með ljósleiðara fer inn á lóð [...] samkvæmt myndum 5,6 og 8. Mynd 8 frá 05.03.2024 sýnir hvernig lega rörs hefur ekki breyst síðan þá, nema þegar aðili á vegum [...] kom í óleyfi þann 27.05 um kl. 14:30 og sviðsetti rörið á þann hátt að hægt væri að taka myndir af því án þess að það virtist liggja á lóð [...]. Þessi aðili sést á myndum 2 og 3. Þessar myndir koma fram í bréfi Ljósleiðarans til Fjarskiptastofnun. Samdægurs féll lögnin niður vegna veðurs eins og sést á mynd 6.

Eins og áður hefur komið fram, þá kom grafa á vegum [...] eða Ljósleiðarans þann 09.04.2023 sem sýnir að ásetningurinn var að grafa rörið niður á lóð [...] án viðvörunar og voru að hluta til byrjaðir áður en eigendur [...] stoppuðu framkvæmdir, enda engin heimild til. Eigendum [...] var aldrei tilkynnt um að strengur frá Ljósleiðaranum yrði lagður í gegnum lóð þeirra, hvort sem það yrðu tímabundnar aðgerðir eða ekki.“

(21) Kvartandi taldi að Ljósleiðarinn hafði ekki uppfyllt samráðsskilyrði 34. gr. fjarskiptalaga en eftirfarandi athugasemdir kom hann með:

„Ljósleiðaranum hefur mistekist að hafa samráð við eigendur um legu ljósleiðara. Það er á ábyrgð fjarskiptafyrirtækja að upplýsa og kynna lóðarhafa hvar leggja á fjarskiptastrengi og hafa ekki valdheimild til að ýta þeirri ábyrgð á þriðja aðila, eins og Ljósleiðarinn er að reyna. Ljósleiðarinn hefur einnig mistekist að gefa lóðarhöfum tækifæri til að koma með ábendingar um lagnaleið.“

(22) Enn fremur sagði kvartandi eftirfarandi:

„Ljósleiðarinn hafði engin samráð við eigendur [...] um lagnir, né gaf í skyn að lögn yrði lögð á lóð [...] eins og 2. mgr. 34. gr. fjarskiptalaga kveður á um. Myndband 1 í fylgiskjöllum sýnir að starfsmaður á gröfu á vegum [...] eða Ljósleiðarans var byrjaður að grafa skurð á [...], og sýnir það ásetning að grafa átti rörið niður á [...]. Kvöðin sem borin er fram af hálfu Ljósleiðarans er einungis á milli Kópavogsbæjar og [...]. [...] fékk aldrei leyfi frá Kópavogi né eigendum [...] til að fara í framkvæmdir á lóð, né fékk Ljósleiðarinn leyfi frá lóðarhöfum til að leggja streng um lóð. Eigendur [...] fengu engin tækifæri til að koma með ábendingar varðandi val á lagnaleið.“

(23) Þá minntist kvartandi á ákvörðun Fjarskiptastofu nr. 11/2023 þá sérstaklega ákvörðunarorð hennar:

„Míla hf. braut gegn 1. mgr. 34. gr. fjarskiptalaga nr. 70/2022 með því að hafa ekki samráð við eigendur [...] um hvar lagnir skyldu lagðar.“

(24) Kvartandi óskaði eftir að í fyrsta lagi þá myndi Fjarskiptastofa fjarlægja ljósleiðarastreng Ljósleiðarans af lóð og að Ljósleiðarinn myndi fara eftir fjarskiptalögum við lögn fjarskiptastrengja. Í öðru lagi óskaði kvartandi eftir að Ljósleiðarinn myndi greiða dagsgjald til [...] frá 19. febrúar fyrir þá daga sem Ljósleiðarinn hefur legið á lóð [...] og selt þjónustu sína í gegnum lóð til [...], þar til rörið yrði fjarlægt. Í þriðja lagi óskaði kvartandi eftir því að Ljósleiðarinn sæti sektum samkvæmt 1. mgr. 103. gr. fjarskiptalaga fyrir að hafa lagt ljósleiðara án leyfis og fyrir að brjóta gegn 1. mgr. 34. gr. fjarskiptalaga.

2.5. Bréf Fjarskiptastofu til Ljósleiðarans, dags. 3. júní 2024

(25) Þann 3. júní 2024 var Ljósleiðaranum sent bréf þar sem honum var gefinn kostur á að tjá sig um athugasemdir kvartanda. Var frestur til þessa veittur til 18. júní 2024.

2.6. Tölvupóstur Ljósleiðarans til Fjarskiptastofu, dags. 6. júní 2024

(26) Þann 6. júní 2024 sendi Ljósleiðarinn tölvupóst til Fjarskiptastofu þar sem fram kom að Ljósleiðarinn taldi ekki nauðsynlegt að koma á framfæri frekari athugasemdum vegna málsins.

2.7. Frumafstaða Fjarskiptastofu, dags. 18. júlí 2024

(27) Þann 18. júlí 2024 sendi Fjarskiptastofa kvartanda frumálit stofnunarinnar þar sem stofnunin komst að þeirri niðurstöðu að Ljósleiðarinn hefði skýran rétt til þess að leggja Ljósleiðara, að skilyrðum 34. gr. fjarskiptalaga uppfylltum. Auk þess komst stofnunin að þeirri niðurstöðu að ákvæði 34. gr. fjarskiptalaga komi aðeins til álita þegar fjarskiptafyrirtæki er búið að velja fyrirhugaða lagnaleið á endanlegan stað og ætti því ekki við í málinu þar sem af gögnum málsins verður ekki séð að Ljósleiðarinn hafi valið fyrirhugaða lagnaleið og að ídráttarrörið sé hluti af almenna fjarskiptaneti félagsins. Stofnunin taldi að þar sem ekki væri

um varanlega legu ljósleiðarans að ræða heldur tímabundna, vegna deilna milli húseiganda um aðgang að lóð kvartanda og framkvæmdin virtist ekki vera á forræði Ljósleiðarans heldur á forræði húseigandans að [...] þá hefði skilyrði 34. gr. fjarskiptalaga ekki virkjast og því ekki talið að um brot á samráðsskyldu fjarskiptafyrirtækis hafi verið að ræða. Það væri ekki á valdsviði Fjarskiptastofu að hlutast til um einkaréttarlega deilu milli aðila, enda rúmaðist það ekki innan gildissviðs fjarskiptalaga. Með vísan til framangreinds þá taldi stofnunin að hún gæti ekki skorið úr ágreiningi máls miðað við fyrrgreindar forsendur. Fjarskiptastofa gaf kvartanda kost á að tjá sig um frumálitið og var frestur til þess veittur til 2. ágúst 2024.

2.8. Athugasemdir kvartanda við frumálit Fjarskiptastofu, dags. 30. júlí 2024

(28) Þann 30. júlí 2024 barst Fjarskiptastofu athugasemdir kvartanda við frumáliti stofnunarinnar. Voru athugasemdir m.a. eftirfarandi:

„Í erindi Ljósleiðarans er fjallað um að eigandi [...] hafi borið fyrir sig kvöð og réttindum til lagningu lagna út frá lóð hans, inn á lóðina á [...]. Er þetta tekið upp í bréf Ljósleiðarans eins og að um sannindi væri að ræða. Hið rétta er og er um þetta vísað til áður sendra gagna, að Kópavogsbær á skv. lóðarleigusamningi kvaðabundinn rétt til lagningu lagna á lóðinni að [...]. Sá réttur færist aldrei og á engan hátt yfir á einstakling, sem á nærliggjandi lóð, til lagningar á ljósleiðara. Um samningsbundinn rétt er að ræða skv. leigusamningi. Ef Ljósleiðarinn hefði skoðað þetta mál og kynnt sér leigusamning umbjóðenda minna við Kópavogsbæ, er þetta augljóst og algjörlega óþarfi að vísa til einhverrar réttaróvissu í þessu sambandi.“

(29) Kvartandi taldi að framkvæmdum við útvegginn hafi verið lokið fyrir löngu en ljósleiðarinn liggi enn yfir jörð kvartanda. Kvartandi hafði eftirfarandi athugasemdir:

„Það er fyrirláttur sem kemur fram í erindi [...] og rakið er í bréfi Ljósleiðarans og tekið upp í frumafstöðu, að eigendur [...] hafi ætlað að fella ljósleiðarann inn í vegg þann sem endurnýjaður var. Framkvæmdum við vegginn er löngu lokið og mokað var að veggnum fyrir löngu. Augljóst er að eigendur [...] ætluðu sér að láta grafa ljósleiðarann yfir lóð umbjóðenda minna og var sú framkvæmd hafin, þegar hún var stoppuð af umbjóðendum mínu, þegar þeir urðu hennar varir. Þessi skýring sem Ljósleiðarinn tekur upp í erindi sínu og birtist nú í frumafstöðu Fjarskiptastofu er augljóslega eftirá skýring, eftir að framkvæmdir voru stöðvaðar af umbjóðendum mínum. Ekki þarf að velkjast í vafa um rétt umbjóðenda minna til lóðar sinnar og að engum þinglýstum kvöðum er fyrir að fara sem gefa [...] leyfi til að leggja þar lagnir.

Það er umbjóðendum mínum að meinalausu að umræddur ljósleiðari liggi uppi á þaki [...].“

(30) Kvartandi mótmælti frumafstöðu Fjarskiptastofu um að umræddur ljósleiðari sé ekki kominn á endanlegan stað, það að framkvæmdin virðist ekki vera á forræði Ljósleiðarans, heldur [...] og að ekki hafi af þeim sökum verið brotið gegn samráðsskyldu. Auk þess mótmælti kvartandi þeirri frumafstöðu Fjarskiptastofu að umrædd deila lúti að náþýlis og eignarétti og því reyni ekki á skilyrði 34. gr. fjarskiptalaga, eins og sakir standa. Athugasemdir kvartanda voru eftirfarandi:

„Í fyrsta lagi féllst Ljósleiðarinn á að tengja ljósleiðara í yfirborðsrör, sem lagt var án heimildar á lóð umbjóðenda minna að [...]. Hvar eru heimildir til bráðabirgðatenginga á ljósleiðurum um eignarlóð annarra, sem vara svo mánuðum skiptir. Ljósleiðarinn virðist ekki hafa haft fyrir því að sannreyna heimild [...] til að leggja lagnir á lóð umbjóðenda minna, ef svo hefði verið gert, hefði Ljósleiðarinn séð að þinglýst kvöð um lagnir eru í leigusamning við Kópavogsbæ, sem hefur slíkan rétt. Ekki [...].

Í öðru lagi er kvörtun umbjóðenda minna beint yfir þeirri háttsemi Ljósleiðarans að ryðjast inn á lóð þeirra og leyfa sér að tengja yfirborðsrör sem liggur heimildarlaust á lóðinni, án þess að kynna sér réttmæti þeirrar lagningar eða kanna hvort lóðarhagar heimila slíkt. Látið er eins og að fyrst Ljósleiðarinn er settur í rör, sem [...] á, þá skipti annað engu máli.

Í þriðja lagi er sú fyrirhugaða afstaða Fjarskiptastofu, að þar sem ídráttarrörið sé ekki í eigu Ljósleiðarans, sem samt hefur lagt í það ljósleiðara sem fyrirtækið á, þá sé ljósleiðarinn ekki lengur á ábyrgð þeirra. Þetta er einshverskonar útúrsnúningur eða rökvilla. Fjarskiptastofa ætti að geta séð, að það gengur ekki að Ljósleiðarinn geti falið sig á bak við það að eiga ekki ídráttarrörið þar sem ljósleiðarinn liggur. Hvað ef ljósleiðarinn væri bara á lóðinni en ekki í ídráttarröri, væri þá málið öðruvísi. Vitaskuld ekki. Er hægt að breyta málinu með því að leggja í gegnum rör!“

(31) Þá fór kvartandi fram á eftirfarandi kröfur sínar:

„Þá er krafðist að Fjarskiptastofa úrskurði á þá leið að Ljósleiðarinn fjarlægi þegar í stað ljósleiðara sinn af lóðinni að [...], lögnin verði færð að [...], þar sem virðist vera heimild fyrir legu hennar. Samráð var ekkert við umbjóðendur mína og fyrst lega ljósleiðarans er tryggð um lóð [...], þá verði kapallinn fjarlægður þegar í stað.“

(32) Þá taldi kvartandi að ekki væri að finna í lögum heimild fyrir bráðabirgðalegu ljósleiðara en eftirfarandi voru athugasemdir kvartanda:

„Undirritaður telur að umbjóðendur mínir þurfi ekki að þola yfirborðskapal á lóð sinni, sem búið er að leggja í ljósleiðara, allt án þeirra heimildar. Undirritaður sér ekki í fjarskiptalögum heimild fyrir einhvers konar bráðabirgðalegu ljósleiðara, án samráðs, án heimilda og án bóta vegna átroðnings, sem aðilar þurfi að þola, eða sem fjarskiptafyrirtæki getur falið sig bak við slíkt í marga mánuði. Er það svo að ákvæði 34. gr. virkjast ekki ef um bráðabirgðalegu er að ræða. Vitaskuld ekki. Ljósleiðaranum bar að tryggja að heimild væri fyrir legu strengsins áður en hann var tengdur.“

III.

Forsenda og niðurstaða

3.1. Lagaumhverfi

(33) Fjarskiptastofa er sú stofnun sem með lögum hefur verið falið að annast stjórnsýslu og eftirlit með framkvæmd laga um fjarskipti sbr., a- lið 1. mgr. 2. gr. laga nr. 75/2021 um Fjarskiptastofu. Að auki leysir stofnunin úr ágreiningi aðila um túlkun og beitingu fjarskiptalaga en samkvæmt 17. gr. fyrrgreindra laga geta neytendur fjarskiptaþjónustu beint kvörtun til

stofnunarinnar ef fjarskiptafyrirtæki brýtur gegn skyldum sínum samkvæmt fjarskiptalögum eða gegn skilyrðum sínum sem mælt er fyrir um í almennri heimild eða sérstökum réttindum.

(34) Þrátt fyrir að ákvæði 17. gr. laga um Fjarskiptastofu vísi til þess að stofnunin leysi aðeins úr ágreiningi sem upp getur komið milli neytenda og fjarskiptafyrirtækis þá kveður 4. gr. fjarskiptalaga um að Fjarskiptastofa skuli hafa umsjón með fjarskiptum innan lögsögu íslenska ríkisins og eftirlit með framkvæmd fjarskiptalaga. Af 4. gr. hefur því helgast sú framkvæmd að Fjarskiptastofa leysi einnig úr ágreiningi, óháð því hver á í hlut. Þá skal hafa 2. mgr. 17. gr. laga um Fjarskiptastofu til hliðsjónar en þar kemur fram að stofnunin taki aðeins ákvörðun ef ágreiningur er uppi.

(35) Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. laga nr. 75/2021 um Fjarskiptastofu skal stofnunin með starfsemi sinni stuðla að aðgengilegum, greiðum, hagkvæmum, skilvirkum og öruggum fjarskiptum. Stofnunin skal gæta að byggðasjónarmiðum og umhverfissjónarmiðum í starfsemi sinni. Þá skal þess getið í 1. mgr. 12. gr. laganna segir að Fjarskiptastofa skuli stuðla að framförum á fjarskiptamarkaði, m.a. með því að greiða fyrir hagkvæmari uppbyggingu fjarskipta sem byggð er á samnýtingu eða samstarfi, að teknu tilliti til samkeppnissjónarmiða.

(36) Í XV. kafla fjarskiptalaga er að finna þau úrræði og viðurlagaheimildir stofnunarinnar sem hún getur beitt ef ekki er farið eftir skilyrðum almennar heimildar, sem og vegna brota á fjarskiptalögum. Þar má nefna heimild fyrir Fjarskiptastofu til að leggja stjórnvaldssektir á fjarskiptafyrirtæki, lögaðila eða einstaklinga sem brjóta gegn tilteknum ákvæðum fjarskiptalaga og eru þau ákvæði listuð upp í fyrrgreindu ákvæði. Stofnunin getur til að mynda lagt á stjórnvaldssekt á þá sem brjóta gegn réttindum og skyldum um aðgang að aðstöðu, netum eða þjónustu skv. 34.- 36. gr. fjarskiptalaga, sbr. c- liður 103. gr. fjarskiptalaga. Þá kemur fram í 2. mgr. 103. gr. að við ákvörðun á fjárhæð sekta skal hafa hliðsjón af eðli og umfangi brota, hvað brot hafa staðið lengi og hvort um ítrekað brot sé að ræða.

(37) Þá kemur fram í 3. mgr. 103. fjarskiptalaga að falla megi frá sektarákvörðun ef brot telst óverulegt eða af öðrum ástæðum sé ekki talin þörf á slíkum sektum til að stuðla að framgangi ákvæða laganna.

(38) Þá kemur fram í 1. mgr. 19. gr. laga um Fjarskiptastofu nr. 75/2021 að þegar fjarskiptafyrirtæki, annar lögaðili eða einstaklingur fer ekki að ákvæðum laga um Fjarskiptastofu, fjarskiptalaga, skilyrðum almennrar heimildar, skilyrðum sérstakra réttinda, bindandi fyrirmælum eða einstökum ákvörðunum Fjarskiptastofu eða veitir ekki þær upplýsingar sem honum er skylt að afhenda stofnuninni er henni heimilt að leggja á og innheimta dagsektir sem nemi 50.000-1.000.000 kr. á dag til að tryggja að eftir fyrirmælum stofnunarinnar sé farið.

3.2. Ákvæði um aðgang að landi og mannvirkjum í fjarskiptalögum

(39) Í fjarskiptalögum hefur verið að finna ákvæði um aðgang að landi og mannvirkjum til lagningar á fjarskiptastrengjum, allt frá árinu 1905, sbr. lög nr. 12/1905 um ritsíma, talsíma o.fl. Um tilurð og túlkun ákvæðisins er vísað í ákvörðun Fjarskiptastofu nr. 8/2022 og ákvörðunar Fjarskiptastofu nr. 1/2006

(40) Í 34. gr. nágildandi fjarskiptalaga er að finna ákvæði um aðgang að landi og mannvirkjum. Ákvæðið er svohljóðandi:

„Ef nauðsynlegt er fyrir fjarskiptafyrirtæki að leggja fjarskiptavirki um land annars aðila, yfir það eða í jörðu, yfir hús eða önnur mannvirki á landinu, á þeim, gegnum þau eða undir þau, þá er eiganda viðkomandi fasteignar skylt að heimila slíkt, enda komi fullar bætur fyrir sannanlegt tjón; tímabundið rask og skerðingu á mögulegri nýtingu fasteignar, sé það raunin. Hafa skal samráð við eigendur eða umráðamenn slíkra fasteigna og mannvirkja um hvar lagnir eru lagðar og skal þess gætt að sem minnst sé raskað hagsmunum eigandans. Ágreiningi um fyrirhugaða lagningu fjarskiptavirkis má vísa til Fjarskiptastofu, sem að fengum sjónarmiðum málsaðila skal úrskurða um legu slíkra lagna. Starfsmenn við fjarskiptavirki skulu gæta þess að valda eigendum og íbúum ekki meiri óþægindum en brýnustu nauðsyn ber til. Framkvæmdaraðili skal vinna teikningu að fyrirhugaðri framkvæmd skv. 1. mgr. og kynna hana hlutaðeigandi landeigendum og öðrum réttihöfum sem rétt geta átt til eignarnámsbóta. Nú finnast ekki upplýsingar um dvalarstað allra eigenda og skal framkvæmdaaðila þá heimilt að auglýsa áformaða framkvæmd í Lögbirtingablaði og telst það þá nægjanleg birting gagnvart þeim sem hagsmuni kunna að eiga og ekki finnast upplýsingar um í fasteigna- eða jarðaskrá.

Ef tjón verður á landi aðila, mannvirkjum eða öðrum eignum við lagningu fjarskiptavirkja eða viðhald þeirra, og ekki verður úr bætt, eða lagning fjarskiptavirkja leiðir til takmörkunar á afnotamöguleikum viðkomandi eignar, þá skal eigandi fjarskiptavirkis bæta tjónið. Náist ekki samkomulag um bótafjárhæð skal um ákvörðun bóta fara að lögum um framkvæmd eignarnáms. Leiði framkvæmd til varanlegrar skerðingar á réttindum landeiganda eða annars réttihafa sem rétt getur átt til eignarnámsbóta skal um ákvörðun bóta fara að lögum um framkvæmd eignarnáms.“

3.3. Réttur fjarskiptafyrirtækja til lagningar fjarskiptavirkis

(41) Ákvæði sem snýr að rétti fjarskiptafyrirtækja til lagningar fjarskiptavirkis er hliðstætt 69. og 70. gr. fjarskiptalaga nr. 81/2003 sem fól í sér innleiðingu á 43. gr. tilskipunar (ESB) 2002/19/EB. Ákvæðið kveður á um rétt fjarskiptafyrirtækja til lagningar fjarskiptavirkis um land annars aðila, yfir það eða í jörðu, yfir hús eða önnur mannvirki á landinu, á þeim, gegnum þau eða undir þau. Ákvæðinu er ætlað að tryggja fjarskiptafyrirtækjum aðgang að landi eða að öðrum eignum annarra til þess að leggja fjarskiptalagnir og koma upp annarri fjarskiptaaðstöðu ef nauðsyn krefur. Í athugasemdum með frumvarpi kemur fram að gert sé ráð fyrir því að algengasta leiðin sé að semja um aðgang og greiðslur fyrir aðganginn, enda komi fullar bætur fyrir sannanlegt tjón ef það er raunin. Átt er við sannanlegt tjón af tímabundnu raski og skerðingu á mögulegri nýtingu fasteignar, einskiptisgreiðslu bóta fyrir fjárhagslegt tjón, beint eða óbeint, sem framkvæmd hefur í för með sér en ekki viðvarandi leigu- og/eða aðstöðugjald fyrir aðgang eða afnot af umræddu landi. Auk þess kemur fram að gæta þurfi að hagsmunum eiganda og annarra mögulegra réttihafa við lagningu, en að ágreiningi um lagnaleið megi vísa til úrskurðar Fjarskiptastofu. Ákvæði 3. mgr. 34. gr. fjarskiptalaga er samhljóða 2. mgr. 69. gr. eldri fjarskiptalaga nr. 81/2003 og kveður ákvæðið um að ef framkvæmd leiði til varanlegrar skerðingar á réttindum landeiganda eða annars

rétthafa sem rétt getur átt til eignarnámsbóta þá skuli um ákvörðun bóta fara að lögum um framkvæmd eignarnáms.

(42) Í fjarskiptalögum er ekki mælt fyrir um leyfisveitingarferli fyrir aðgang fjarskiptafyrirtækja að landi til að leggja fjarskiptastrengi, heldur er gert ráð fyrir að aðgangsrétturinn sé virkjaður í beinum samskiptum milli fjarskiptafyrirtækja og viðkomandi landeiganda, einkum hvað varðar samráð við val á lagnaleið og um bætur fyrir jarðrask, ef til slíks kemur. Orðalag 1. mgr. 34. gr. fjarskiptalaga er skýrt og afdráttarlaust. Ef byggt er á meginreglunni um almenna lögskýringu við túlkun lagaákvæðis og merking þess fyrst og fremst látin ráðast af orðalagi ákvæðisins er ljóst að Ljósleiðarinn hefur rétt til aðgangs að landinu til þess að leggja ljósleiðarann. Í ákvæðinu segir berum orðum að eigandi viðkomandi fasteignar sé skylt að heimila slíkt, enda komi fullar bætur fyrir sannanlegt tjón, tímabundið rask og skerðingu á mögulegri nýtingu fasteignar, sé það raunin.

(43) 13. tölul. 1. mgr. 5. gr. fjarskiptalaga kveður á um hvað fjarskiptafyrirtæki er en það er fyrirtæki í skilningi 4. gr. samkeppnislaga sem hefur tilkynnt Fjarskiptastofu um rekstur fjarskiptabjónustu eða fjarskiptanets. Ljósleiðarinn fellur undir framangreinda skilgreiningu og hefur því skýran rétt til þess að leggja ljósleiðara, að skilyrðum 34. gr. fjarskiptalaga uppfylltum.

3.4. Lega ljósleiðarans

(44) Í skýringum Ljósleiðarans, dags. 29. maí 2024, kom fram að lega ljósleiðarans eins og sakir standa teljist ekki vera endanleg eða varanleg, heldur er það ætlun húseiganda [...] að fella ídráttarrörið inn í nýjan útvegg hússins og grafa það í jörðu þegar framkvæmdum lýkur. Af þeim skýringum verður ráðið að eins og ídráttarrörið liggur nú er það ekki komið á endanlegan stað heldur er það á tímabundnum stað. Ákvæði 34. gr. fjarskiptalaga um aðgang að landi og mannvirkjum kemur aðeins til álita þegar fjarskiptafyrirtæki er búið að velja fyrirhugaða lagnaleið á endanlegan stað og á þar af leiðandi ekki við í máli þessu eins og er. Af gögnum máls verður ekki séð að Ljósleiðarinn hafi valið fyrirhugaða lagnaleið og að ídráttarrörið sé hluti af almenna fjarskiptaneti félagsins, eins og nánar verður gerð grein fyrir hér að neðan.

3.5. Samráð

(45) Það kemur fram í 2. málsl. 1. mgr. 34. gr. fjarskiptalaga að samráð skuli haft við eigendur fasteignar eða umráðamenn um hvar fjarskiptafyrirtæki skuli leggja lagnir og að þess sé gætt að sem minnst sé raskað hagsmunum eigandans. Réttur fjarskiptafyrirtækja til aðgangs að landi til þess að leggja fjarskiptastrengi er því háð því skilyrði að þeir viðhafi samráð við eigendur eða umráðamenn fasteigna og mannvirkja um hvar lagnir eru lagðar sem og þeir skuli gæta þess að hagsmunum eigandans sé raskað sem minnst.

(46) Ákvæði 2. mgr. 34. gr. fjarskiptalaga kom inn sem nýmæli í fjarskiptalög nr. 70/2022 en ákvæðið fjallar um ferli við ákvörðun lagnaleiðar og hvernig skuli haga samráði við eigendur. Framkvæmdaraðilar skulu samkvæmt ákvæðinu vinna teikningu að fyrirhugaðri framkvæmd skv. 1. mgr. ákvæðisins og kynna hana svo hlutaðeigandi landeigendum ásamt öðrum rétthöfum sem rétt geta átt til eignarnámsbóta. Ef upplýsingar um dvalarstað allra eiganda finnast ekki þá er framkvæmdaraðila heimilt að auglýsa áformaða framkvæmd í Lögbirtingarblaði, gagnvart þeim sem kunna að eiga hagsmuni að gæta og upplýsingar um þá finnast ekki í fasteigna- eða jarðaskrá, þá telst slíkt nægjanlega birt.

(47) Hvorki í lögum né lögskýringargögnum er að finna nánari útskýringu um hvernig umrætt samráð skuli fara fram. Að því gefnu að eigendur eða umráðamenn fái nægjanlegar upplýsingar um fyrirhugaða framkvæmd og að fjarskiptafyrirtæki leggi fram frekari gögn og/eða skýringar sé þess óskað, má ætla að samráðið geti verið með ýmsu móti. Í ákvörðun Fjarskiptastofu nr. 8/2022 er tekið dæmi um það að samráð geti farið fram á opnum íbúafundi með eigendum eða umráðamönnum þar sem kynnt er fyrirhuguð framkvæmd og spurningum svarað af fyrirsvarsmönnum. Það sem mestu máli skiptir er að hverjum og einum eiganda eða umráðamanni er gefið sannanlegt tækifæri til að koma með ábendingar varðandi val á fyrirhugaðri lagnaleið. Var einnig byggt á þessari túlkun á samráðshlutanum í ákvæðinu í ákvörðun Fjarskiptastofu nr. 11/2023.

(48) Í máli þessu er ekki um varanlega legu ljósleiðarans að ræða heldur er legan tímabundin eins og er. Áætlunin er að fella rörið inn í nýjan útvegg [...], eins og fyrr hefur verið komið að, og ástæða þess að rörið sé ekki komið á hinn endanlega stað virðist vera vegna deilna milli húseiganda [...] og [...] um aðgang að lóð kvartanda. Af þeim, sökum virðist framkvæmdin ekki vera á forræði Ljósleiðarans, heldur á forræði húseigandans að [...] og þar af leiðandi hefur skilyrðið um samráð ekki virkjust þar sem skilyrði fyrir samráðshluta ákvæðisins er að það sé fjarskiptafyrirtæki sem sé að leggja lagnirnar og að fjarskiptafyrirtækið þurfi að hafa samráð við fasteignareigendur. Af þeim sökum verður ekki talið að brot á samráðsskyldu fjarskiptafyrirtækis sé að ræða.

3.6. Ídráttarrörið

(49) Eins og kom fram í málsgögnum þá er ídráttarrörið ekki í eigu Ljósleiðarans, heldur eiganda [...]. Eftirfarandi kom fram í skýringum og athugasemdum Ljósleiðarans, dags. 29. maí 2024:

„Ljósleiðaranum barst erindi snemma árs 2024 frá fasteignareiganda [...] með ósk um lögð ljósleiðara, en fyrri eigandi hafði afþakkað ljósleiðaravæðingu fasteignarinnar á sínum tíma. Ljósleiðarinn sendi honum tilboð í verkið sem gerði ráð fyrir lagnalegu utan við einkalóðir, en upplýsti jafnframt um að ekki yrði unnt að gagna til framkvæmda fyrr en nú í sumar vegna verktakastöðu og frosts í jörðu. Fasteignareigandi spurðist þá fyrir um hvort Ljósleiðaranum yrði unnt að tengja fasteignina ef hann annaðist lagningu ídráttarrörs, jarðvinnu við að nálgast tengianda og annað umstang til þess að spara honum hvoru tveggja tíma og fjármuni sem Ljósleiðarinn féllst á.“

(50) Þá kom enn fremur fram:

„Er ídráttarrörið var tilbúið hafi fasteignareigandi samband við Ljósleiðarann, sem sendi þá starfsmenn til blásturs og tengingar þann 21. febrúar 2024 og staðfesti Ljósleiðarinn munnlega við fasteignareiganda að [...] að heimild væri fyrir legu ídráttarrörs fasteignareiganda [...] áður en blásið var, en í dráttarrörið var þá ofanjarðar þar sem fyrirætlan fasteignareiganda [...] er að fella ídráttarrörið inn í nýjan útvegginn og grafa það í jörðu þegar framkvæmdum lyki. Þá kveðst fasteignareigandi [...] vera með allar staðfestingar sem þyrfti fyrir legu ídráttarrörs síns. Lega ljósleiðarans var því teiknuð inn í gegnum [...] í teikningum Ljósleiðarans.“

(51) Ljóst er af framangreindum gögnum að ídráttarrörið er ekki í eigu Ljósleiðarans heldur er það í eigu og á ábyrgð eiganda [...]. Ekki er því um að ræða hluta af almennu fjarskiptaneti Ljósleiðarans, heldur rör í eigu húseigenda, sem ekki ber réttindi og skyldur samkvæmt fjarskiptalögum í samhengi við atvik þessa máls.

3.7. Vernd fjarskipta

(52) Að ofangreindu er ljós að eins og staðan er í dag þá á Ljósleiðarinn ekki ídráttarrörið og þar af leiðandi er það ekki á færri Fjarskiptastofu að láta fjarlægja rörið. Samt sem áður er ídráttarrörið fjarskiptainviður sem nýtur verndar fjarskiptalaga þó það sé ekki í eigu fjarskiptafyrirtækis. Í 86. gr. fjarskiptalaga er kveðið á um vernd fjarskipta. Í 1. mgr. 86. gr. fjarskiptalaga er kveðið á um að þar sem fjarskiptavirki eru má ekki reisa mannvirki, setja upp tæki, leggja lagnir, gera jarðrask eða aðrar ráðstafanir er af geta hlotist skemmdir á fjarskiptavirkjum eða truflanir á rekstri þeirra nema áður hafi verið aflað upplýsinga um legu þeirra og samráð verið haft við eiganda fjarskiptavirkisins um tilhögun framkvæmdanna. Þá kemur fram í 3. mgr. ákvæðisins að ef jarðrask eða aðrar framkvæmdir hafa leitt til skemmda á fjarskiptavirkjum eða truflana á rekstri þeirra skal sá sem þeim hefur valdið þegar í stað tilkynna það til eiganda fjarskiptavirkisins. Er tjónvaldi þá jafnframt skylt að bæta allt það tjón sem af skemmdunum leiðir, bæði beint og óbeint, þar á meðal viðskiptatap, nema hann sýni fram á að ekki hafi verið komist hjá tjóni þó að fyllsta aðgæsla hafi verið sýnd.

3.8. Viðurlög

(53) Kvartandi óskaði eftir í fyrsta lagi að Fjarskiptastofa myndi fjarlægja ljósleiðarastreng Ljósleiðarans af lóðinni. Í öðru lagi óskaði kvartandi eftir því að Ljósleiðarinn myndi fara eftir fjarskiptalögum við lögn fjarskiptastrengja. Í þriðja lagi óskaði kvartandi eftir því að Ljósleiðarinn myndi greiða dagsgjald til lóðareiganda [...] frá 19. febrúar þar til rörið yrði fjarlægt. Í fjórða lagi óskaði kvartandi eftir því að Ljósleiðaranum yrði gert að sæta sektum samkvæmt 1. mgr. 103. gr. fjarskiptalaga fyrir að hafa lagt ljósleiðara án leyfis og fyrir brot gegn 1. mgr. 34. gr. fjarskiptalaga.

(54) Með vísan til ofangreinds þá koma viðurlög ekki til skoðunar í máli þessu þar sem það er ekki á valdsviði Fjarskiptastofu að skera úr einkaréttarlegum ágreiningi milli húseigenda um aðgang að lóð.

IV. Niðurstaða

4.1. Niðurstaða

(55) Að mati Fjarskiptastofu er um að ræða deilu milli tveggja aðila, [...] og [...], sem lýtur að náðýlis- og eignarétti sem snýr m.a. að framkvæmdum og aðgangsrétti að lóð kvartanda. Umrædd deila er á milli fyrrgreindra aðila og kemur það Ljósleiðaranum ekki við, a.m.k. ekki enn sem komið er, enda reynir ekki á réttindi og skyldur samkvæmt 34. gr. fjarskiptalaga eins og sakir standa.

(56) Fjarskiptastofa annast stjórnslu og eftirlit með framkvæmd fjarskipta- og netöryggismála sbr. 1. mgr. 2. gr. fjarskiptalaga. Það er því ekki á valdsviði Fjarskiptastofu að hlutast til um einkaréttarlega deilu milli tveggja einstaklinga um aðgang að lóð og samráð um val á lagnaleið ídráttarrörs fyrir Ljósleiðarastreng, heldur er það á hendi dómstóla að skera úr um slíkan ágreining.

Ákvörðunarorð

1. Kvörtun [...] á hendur Ljósleiðaranum ehf. er vísað frá þar sem ágreiningsefni málsins rúmast ekki innan gildissviðs fjarskiptalaga.
2. Ljósleiðaranum ehf. verður ekki gert að greiða sekt og ekki verða lögð önnur viðurlög á Ljósleiðarann ehf.
3. Ákvörðun þessi er kæránleg til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála, sbr., 20. gr. laga nr. 75/2021 um Fjarskiptastofu. Kæran skal berast úrskurðarnefnd innan fjögurra vikna frá því viðkomanda var kunnugt um ákvörðun Fjarskiptastofu. Samkvæmt lögum nr. 75/2021 um Fjarskiptastofu getur aðili einnig borið ákvörðun stofnunarinnar beint undir dómstóla án þess að mál sé fyrst borið undir úrskurðarnefnd. Slíkt mál skal höfðað innan þriggja mánaða frá því að viðkomandi fékk vitneskju um ákvörðun stofnunarinnar. Málskot frestar ekki réttaráhrifum ákvarðana stofnunarinnar. Málskot beint til dómstóla hindrar að úrskurðarnefnd sé heimilt að taka kæru til málsmeðferðar.

Fjarskiptastofa, 31.10.2024

Hrafnkell V. Gíslason, forstjóri

Auður Ragnarsdóttir